

Nefndasvið Alþingis  
b.t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Flúðir 21. apríl 2017

## **Efni: Fjármálaáætlun 2018 til 2022 og skattahækkanir á ferðaþjónustuna**

Hótel Flúðir hf. sem er eigandi og rekstraraðili Icelandair hótels Flúða gerir athugasemdir við þau áform sem fram koma í fjármálaáætlunar 2018 til 2022 og mótmæla áformum um skattahækkanir á ferðaþjónustu harðlega.

### **Skattahækkanir ofan í versnandi ytri aðstæður**

Við bendum á að að félagið hefur, líkt og margir aðrir ferðaþjónustuaðilar, gert langtímasamninga um verð og framboð á þjónustu. Þetta viðskiptafyrirkomulag er sérstaklega algengt utan höfuðborgarsvæðisins. Samningar við ferðaheildsala kveða á um kaup á gistingu og þjónustu á hóteli félagsins í miklu magni og á tilteknum verðum, allt að 2 ár fram í tímann. Áhætta af breytingum í skattaumhverfi félagsins hvílir alfarið á því sjálfu á umræddu tímabili. Geta félagsins til að hleypa skatthækkun út í verðlag takmarkast því við lágt hlutfall heildarviðskipta.

Svigrúm félagsins til þess að bera sjálft skattahækkanirnar er lítið sem ekkert, enda hafa horfur í greininni versnað umtalsvert vegna mikilla launahækkana og óhagstæðrar gengisþróunar. Áformaðar skattahækkanir munu því til skemmri tíma draga mjög úr arðsemi félagsins en til lengri tíma hafa bein áhrif til umtalsverðra verðhækkana.

Icelandair Hótel Flúðir eru þegar farin að merkja minnkandi áhuga ferðaheildsala á Íslandi vegna hækkandi verðs af fyrrgreindum ástæðum, þrátt fyrir að áhrif þessara þátta séu ekki að fullu fram komin.

### **Hefur minni áhrif á starfsemi á höfuðborgarsvæðinu**

Mikilvægt er að hafa hugfast að verðhækkun vegna skattahækkana verður hlutfallslega meiri eftir því sem ferðamenn dveljast lengur hér á landi, enda er gisting og afþreying þá stærri hluti af heildarkostnaði en þegar stuttar ferðir eru annars vegar. Skattahækkanirnar munu því leiða til þess að ferðamenn komi frekar í styttri ferðir en ella og að þeim muni fækka sem dveljist lengi á Íslandi. Jafnframt mun verðhækkun gera landsbyggðarhótelum enn erfiðara um vik að markaðssetja sína gistingu yfir vetrartímann, en eftir miklar áherslubreytingar í markaðsstarfi Íslands á erlendum vettvangi undanfarin ár, þar sem lykiláhersla hefur verið lögð á landsbyggð Íslands yfir vetur, eru landsbyggðarhótel nú hægt og bítandi að auka nýtingu sinna eininga yfir vetrartímann. Er hætt við að landsbyggðin lúti þar lægra haldi sökum viðbótarkostnaðar sem af hlýst af hækkun, bæði fyrir höfuðborg og öðrum hagstæðari áfangastöðum erlendis.

Það verður því að teljast afar sennilegt að boðaðar skattahækkanir muni fyrst og fremst leiða til þess að samdráttur verður í ferðaþjónustu í lengri ferðum utan höfuðborgarsvæðisins.


### Skapar aukinn hvata fyrir svarta starfsemi

Undanfarin misseri hefur átt sér stað umræða um skattaundanskot í ferðaþjónustu. Hótel Flúðir ehf. vill benda á að með boðuðum skattahækkunum skapast aukinn hvati til slíkra undanskota. Það segir sig sjálf að það er erfitt fyrir heiðvirða ferðaþjónustuaðila að keppa við þá sem ekki greiða opinber gjöld af sinni starfsemi.

Nú þegar boðaðar hafa verið umtalsverðar skattahækkanir mun samkeppnisstaða Ícelandair Hótel Flúða við aðila sem ekki standa skil á opinberum gjöldum versna enn frekar. Ástæða er til þess að lýsa yfir áhyggjum vegna þessa.

Félagið mótmælir því harðlega og fer þess á leit við Alþingi að fallið verði frá áformunum.

Virðingarfyllt,  
F.h Hótel Flúða hf.

  
Margrét Runólfsdóttir  
framkvæmdastjóri